


Benjamín dúfa

- ritgerð -



Nú skrifum við ritgerð um Benjamín dúfu. Við byrjum á ritgerðinni í skólanum og klárum hana heima. Síðasti skiladagur er 24. nóvember.

Vinnuferlið er svona:

- uppkast
- yfirllestur hjá kennara
- lagfæringar
- yfirllestur hjá kennara
- hreinritun (ef lagfæringar hafa verið góðar)
- lokaskil

Mundu eftir glósunum á heimasíðunni, þar finnur þú upplýsingar um ritgerðaskrif, efnisgreinar, sýnishorn af forsíðu og fleira.

Þegar bókmenntaritgerð er skrifuð þarf sá sem skrifar að þekkja bókina sem skrifað er um mjög vel og geta litið á hana frá mörgum hliðum.

Við skiptum ritgerðinni í þrjá meginkafla; inngang, meginmál og lokaorð. Meginmálið er lengst og inniheldur nokkrar efnisgreinar sem hver um sig hefur sjálfstætt efni, t.d. söguþráður, persónur, umhverfi o.s.frv.

Á næstu blaðsíðu eru spurningar sem gott er að nota til stuðnings en munum að svara spurningunum ekki beint heldur skrifa texta með samhengi.

Í þetta sinn ætlum við að handskrifa ritgerðina. Þegar þú hefur lokið við að leiðréttu uppkastið og kennari gefur leyfi máttu byrja að hreinrita. Þú átt að skrifa á hvítt blað, þú færð línublað undir og átt að skrifa vandaða skrift.

Að lokum gerir þú forsíðu. Þar á að vera titill bókarinnar, höfundur hennar, nafn nemanda, skóla, kennara, í hvaða námsgrein og hvenær ritgerðin er skrifuð (haust 2014). Þar á ennfremur að vera mynd sem tengist efni sögunnar.

Uppbygging ritgerðar

inngangur

- Nafn bókar
- Nafn höfundar
- Blaðsíðufjöldi
- Útgáfufyrirtæki
- Útgáfuár
- Segðu örstutt frá höfundinum og hvort hann hefur gefið út fleiri bækur

meginmál

sögubráður:

- Efni sögunnar endursagt í stuttu máli
- Segðu frá helstu atburðum sögunnar og hvernig hún endar

persónulýsingar:

- Hverjar eru aðalpersónur sögunnar?
- Lýstu þeim, t.d. aldri, útliti og eiginleikum
- Hvernig tengjast persónurnar?

umhverfi:

- Hvar og hvenær gerist sagan?
- Hvað gerist hún á löngum tíma?
- Hvernig er umhverfinu lýst?

lokaorð

- Hvert er þitt álit á bókinni?
- Hvað fannst þér gott við bókina og hvað mætti fara betur?
- Var bókin skemmtileg, spennandi, myndin eða sorgleg?
- Hvað er gert til að gera bókina spennandi - finnst þér það takast?
- Hefur sagan einhvern boðskap - er höfundurinn að reyna að kenna okkur eitthvað?
- Ráðleggur þú öðrum að lesa bókina?
- Hvaða aldri hentar bókina?

Þetta er gátlistinn sem kennari notar þegar hann fer yfir ritgerðina:

Frágangur		
Fyrirmæli: - forsíða (nafn, skóli, kennari, námsgrein, tími)... - vönduð skrift - uppkast á að fylgja	<input type="checkbox"/> frágangur er góður <input type="checkbox"/> frágangur er viðunandi <input type="checkbox"/> frágangi er ábótavant	<input type="checkbox"/> forsíða er vönduð <input type="checkbox"/> forsíða er fábrotin <input type="checkbox"/> forsíðu vantar
	<input type="checkbox"/> skrift er vönduð <input type="checkbox"/> skrift er ekki nægilega vönduð <input type="checkbox"/> skrift er ábótavant	<input type="checkbox"/> uppkast er vel unnið <input type="checkbox"/> uppkast er ágætlega unnið <input type="checkbox"/> uppkast er illa unnið <input type="checkbox"/> uppkast vantar

Efnistöð		
Fyrirmæli: sjá uppbygging ritgerðar - inngangur, meginmál og lokaorð afmörkuð með greinaskilum	<input type="checkbox"/> ritgerðin hefur inngang, meginmál og lokaorð afmörkuð með greinaskilum <input type="checkbox"/> ritgerðin hefur ekki augljósa skiptingu í inngang, meginmál og lokaorð	<input type="checkbox"/> inngangur vel unninn <input type="checkbox"/> inngangur ágætlega unninn <input type="checkbox"/> inngangur ekki nægilega vel unninn
	<input type="checkbox"/> meginmál vel unnið <input type="checkbox"/> meginmál ágætlega unnið <input type="checkbox"/> meginmál ekki nægilega vel unnið	<input type="checkbox"/> lokaorð vel unnin <input type="checkbox"/> lokaorð ágætlega unnin <input type="checkbox"/> lokaorð ekki nægilega vel unnin

Texti		
fyrirmæli: - vel yfirlesið - góð stafsetning - vandað málfar - greinarmerkjasetning í lagi - fjölbreyttur orðaforði	<input type="checkbox"/> stafsetning er góð <input type="checkbox"/> stafsetningu er ábótavant <input type="checkbox"/> málfar er vandað <input type="checkbox"/> málfari er ábótavant <input type="checkbox"/> mikið er um málvillur	<input type="checkbox"/> greinarmerkjasetning er í lagi <input type="checkbox"/> greinarmerkjasetning er ekki í lagi <input type="checkbox"/> orðaforði er fjölbreyttur <input type="checkbox"/> orðaforði er of fábreyttur

Heildarmat		
<input type="checkbox"/> mjög vel unnin ritgerð <input type="checkbox"/> vel unnin ritgerð <input type="checkbox"/> gæti orðið góð ritgerð með smávægilegum breytingum <input type="checkbox"/> ritgerðin uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru	<input type="checkbox"/> mikil vinna hefur verið lögð í ritgerðina, hún er vönduð og höfundu til sóma <input type="checkbox"/> meiri vinnu hefði mátt leggja í ritgerðina <input type="checkbox"/> endurvinnna þarf ritgerðina og skila henni aftur	<input type="checkbox"/> ritgerð skilað á réttum tíma <input type="checkbox"/> ritgerð skilað of seint
	Einkunn: _____	

Þennan gátlista er gott að fara yfir áður en ritgerðinni er skilað:

1. Eru upphafsorðin í lagi?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
2. Eru lokaorðin skýr og áhugaverð?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
3. Eru greinaskil í textanum?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
4. Hefur textinn upphaf, miðju og endir?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
5. Notar þú sömu orð aftur og aftur?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
6. Er textinn eins og upptalningarfrásögn? (og svo, síðan, svo . . .)	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
7. Er orðalag og stafsetning í lagi?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
8. Eru punktar og kommur á réttum stöðum?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
9. Er textinn lipur og þægilegur aflestrar?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
10. Mætti sleppa einhverju eða er einhverju ofaukið?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
11. Fylgdir þú öllum leiðbeiningum og fyrirmælum?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
12. Ertu ánægð/ur með verkið þitt?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
13. Er textinn líklegur til að vekja áhuga lesandans?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei
14. Er frágangur eins og best verður á kosið?	<input type="radio"/> já	<input type="radio"/> er ekki viss	<input type="radio"/> nei

Gangi þér vel og góða skemmtun!